

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 2. september 2021 eftirfarandi:

*Eskiás - Breyting á deiliskipulagi Grunda og Ása.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir því að hæðir húsa við Eskiás 2, 4 og 6 lækki um eina hæð og heimilað verði að fjölga íbúðum í öðrum húsum sem nemur fækkun íbúða vegna lækkunar um hæð. Hámarkshæðir annarra húsa verða óbreyttar. Byggingarreitir lóðanna nr. 8 og 10 breytast þannig að þar verða lokaðir innigarðar. Heildarfjöldi íbúða verður óbreyttur eða 276 íbúðir.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 7. október 2021 eftirfarandi:

*Kumlamýri, óveruleg breyting deiliskipulags.*

Aðkoma að klasa 18-32 og aðkoma að klasa 17-31 færast til norðurs inn fyrir eignamörk Garðabæjar. Lóðir færast til þannig að lóðir nr. 26-28, 29-31 og 30-32 verða alfarið utan eignamarka Garðabæjar.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 21. október 2021 eftirfarandi:

*Frjóakur 9, óveruleg breyting deiliskipulags Akra.*

Breytingin gerir ráð fyrir því að flatarmál neðri hæðar húss (kjallara) sé stærri en 70% að flatarmáli aðalhæðar.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 5. nóvember 2021.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. nóvember 2021